

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Hilmar Örn Jónasson, Leifur Guðni Grétarsson, Júlía Þorvaldsdóttir og Elsa María Guðmundsdóttir.

Afboða, mæta ekki : Hörður Oddfríðarson, Emil Örn Harðarson, Oddur Örnólfsson og Viktoría Gísladóttir

Fundur 03.03.2022 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. RIG 2022 var haldið í Laugardalslaug helgina 28-30. Janúar. Mótið var fjölmennt og voru um 270 keppendur skráðir til leiks. Covid smit höfðu áhrif á þátttöku á síðustu stundu og urðu einhver forföll vegna þess. Mótið fór vel fram og var árangur íslensku keppandana heilt yfir góður og alls 6 einstaklingar náðu að synda sig inn á alþjóðleg meistaramót í sumar. Framkvæmdastjóri er að vinna skýrslu um mótið.
- b. Þann 25. Febrúar síðastliðin var öllum takmörkunum vegna Covid 19 aflétt sem þýðir að allt okkar starf getur haldið áfram með eðlilegum hætti. Stjórn SSÍ þakkar aðildarfélögum enn og aftur fyrir faglegt starf þau tvö ár sem þessi faraldur hefur geisað.
- c. Skráningargögn hafa verið send út vegna ÍM50 sem haldið verður 8-10 apríl. Skráningafrestur er til 22. mars.
- d. Dómaranámskeið verða haldin, 17. Mars og 20. Apríl.
- e. Hörður Oddfríðarson hefur að eigin frumkvæði beðið um ótímabundið leyfi frá trúnaðarstörfum innan SSÍ.
- f. Samið hefur verið við Leif Guðna Grétarsson um að hafa umsjón með mótamálum SSÍ út sundárið með það að markmiði að endurskoða ferla og verklag við undirbúning móta. Emil Harðarson verður Leifi innan handar.
- g. Úthlutun hefur borist frá afrekssjóði ÍSÍ. SSÍ fær úthlutað 16% lægri upphæð en árið áður og er eina A sambandið sem fær svo mikla lækkun framlaga. Þessi úthlutun er langt frá því sem búist var við og eru mikil vonbrigði. Það virðist vera sem svo að ekki sé nóg að eiga helming keppenda Íslands á Ólympíuleikum til að fá hljóta náð fyrir augum afrekssjóðs til frekari uppbyggingar. Beðið er eftir fundi með fulltrúum ÍSÍ til að fara yfir úthlutunina og forsendur að baki hennar.
- h. Reynt verður að fá fund með nýjum ráðherra íþróttamála til að ræða við hverju megi búast í afreksstarfi næstu ár.

3. Afreksmál

- a. Æfingahelgi framtíðarhóps fór fram daganna 26. – 27. Febrúar. Alls voru 31 aðilar mættir. Helgin fór vel fram og það var mikil stemning í hópnum.
- b. Í ljósi reynslunnar er búð að gera lítilsháttar áherslubreytingar hvernig valið er í framtíðarhóp. Tilkynning þess efnis hefur verið send út á formenn og þjálfara.
- c. Æfingabúðir landsliðshópa á Tenerife fóru fram 2.-12. febrúar. Alls tóku 22 sundmenn þátt. Þjálfarar í ferðinni voru Eyleifur, Kjell og Guðmundur. Fólk var mjög ánægt með ferðina og það munar svakalegu að geta æft við þessar aðstæður í

nokkra daga. Eitt Covid smíð kom upp í ferðinni en það var tæklað af fagmennsku bæði frá hendi SSÍ og staðahaldara.

- d. Eyleifur var á leið til USA í byrjun þessarar viku þar sem hann ætlaði að mæta á mót þar sem Anton var að keppa til að kynna umgjörðinni í USA betur. Eyleifur fékk Covid seint á sunnudag og því þurfti að fresta þessari ferð að sinni.
- e. Heimsmeistaramótinu í Fukuoka í Japan sem fram átti að fara í maí 2022 hefur verið frestað til júní 2023.
- f. Fljótlega eftir þá tilkynningu tilkynnti FINA að nýtt heimsmeistaramót yrði haldi í Búdapest í júní 2022. Það mót er komið inn á dagatal hjá okkur og búið að gera lágmark fyrir HM50 í Búdapest sem þampykkt hefur verið af landsliðsnefnd.
- g. Stefnt að næstu æfingahelgi framtíðarhóps í Reykjanesbæ í byrjun maí.
- h. Eyleifur leggur til að gamla metaskráin verði í gildi út tímabilið og keyrist samsíða nýju skránni út sundárið. Uppfæra þarf reglugerð í takt við nýju metaskrána.
- i. Gerð verður frétt þar sem þessi breyting er kynnt sundhreyfingunni.
- j. Það eru gríðarlega mörg verkefni framundan erlendis og rætt var lauslega um kostnaðarþáttöku keppanda sérstaklega í æfingaferðum og í keppnisferðum þar sem ekki er um að ræða alþjóðleg mót.

4. Fundargerðir nefnda

Fundargerð og fylgiskjal dómaranefndar 25.01.2022

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
<i>Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum.</i>				

6. Staðfesting meta

50 metra laug

Stúlknamet	Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
	800m skriðsund	Freyja Birkisdóttir	Breiðablik	09:08.86	29.01.2022	RVK
Telpnamet	Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
	50m flugsund	Ylfa Lind Kristmannsdóttir	Ármann	00:29.44	28.01.2022	RVK
	50m flugsund	Ylfa Lind Kristmannsdóttir	Ármann	00:29.38	30.01.2022	RVK
Piltamet	Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
	50m flugsund	Birnir Freyr Hálfánarson	SH	00:25.15	29.01.2022	RVK

Ofangreind met staðfest

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
11.01.2022	Útbreiðslustyrkur	ÍSÍ
12.01.2022	Framlenging reglugerðar -3 vikur	ÍSÍ
14.01.2022	Slöbbum saman	ÍSÍ
15.01.2022	Status update Europe 4	E4
21.01.2022	Vorfjarnám	ÍSÍ
25.01.2022	Bréf um strafsskýrsluskil	ÍSÍ
28.01.2022	Kynning á styrkjum Erasmus	ÍSÍ

28.01.2022	Tilslakanir á samkomutakmörkunum	ÍSÍ
28.01.2022	Antonio Silva statement	E4
29.01.2022	Úthlutun úr afrekssjóði	ÍSÍ
31.01.2022	Lífshlaupið	ÍSÍ
01.02.2022	Inf bulletin EC Aquatics	LEN
01.02.2022	Jack Buckener – manifesto	JB
02.02.2022	Fréttatilkynning úthlutun afrekstyrkja	ÍSÍ
20.02.2022	Aftekssjóður 2022	ÍSÍ
24.02.2022	Öllum takmörkunum aflétt	ÍSÍ
24.02.2022	Minutes LEN Congress	ÍSÍ
24.02.2022	Norrænir Vöburðir á árinu	ÍSÍ
25.02.2022	Aquatics Integrity Unit	FINA
25.02.2022	FINA press release: https://www.fina.org/news/2504662/press-release-decisions-on-the-fina-international-events-calendar	
26.02.2022	Joint Statement NSF	NSF
01.03.2022	Officials Nomination ROME	LEN
01.03.2022	Statement from the Nordic Tennis Federation	TSI
02.03.2022	Fréttatilkynning frá ÍSÍ – Úkraína	ÍSÍ

Önnur mál:

- Lögð var fyrir reglugerðarbreyting um félagaskipti og keppnisrétt á SSÍ mótum til handa þeim sem keppa með erlendum liðum. Tillagan var samþykkt og er í „viðauka 1“ í þessari fundargerð. Hún er einnig kominn inn í uppfærst skjal um lög og reglugerðir á heimasíðu SSÍ.
- Aukafing LEN var haldið í Frankfurt í Þýskalandi þann 5. febrúar n.k. Þetta er svokallað „Extraordinary conference“ og var boðað til þess að fella núverandi formann stjórnar LEN. Ísland var í hópi þjóða sem studdu tillöguna um nýja stjórn innan LEN. „Okkar“ hópur náði sínu fram að ganga nýr formaður og stjórn LEN hafa verið skipuð. Nýr formaður er António José Silva og kemur frá Portúgal. Í tengslum við þessi umskipti hafa norðurlandafjóðirnar unnið náð saman sem aldrei fyrr og hefur mikil eining myndast innan hópsins og aldrei áður hafa norðurlandafjóðir verið með jafn marga fulltrúa í ábyrgðarstörfum innan LEN eins og núna.
- Formaður hefur skrifað undir yfirlýsingu, ásamt formönnum hinna Norðurlandanna, þar sem innrás Rússa í Úkraínu er fordæmt og þar sem skorað er á FINA að útiloka Rússland og Hvíta Rússland frá öllum keppnum á vegum FINA. Einnig lýsa norðurlandafjóðirnar yfir að þær munu ekki mæta á alþjóðleg mót sem haldin eru í þessum löndum á næstunni.
- SSÍ hefur sent inn tillögur vegna fyrirhugaðra breytinga á Laugardalslaug. Tillögurnar eru unnar frá hópi um mannvirkjamál sem skipaður var á síðasta sundþingi.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 19.45

Viðauki 1.

7.2 – Félagsaðild og félagaskipti

Allir keppendur í sundíþróttum skulu skráðir hjá SSÍ undir fullu nafni mv þjóðskrá og kennitölu.

7.2.1

Keppendur, sem keppt hafa s.l tvö ár, í keppnissundi, garpasundi og sundknattleik geta skipt um félag innanlands hvenær sem er á keppnistímabilinu. Keppnisrétt öðlast viðkomandi með sínu nýja félagi þó ekki fyrr en 30 dögum eftir að skrifleg tilkynning um félagaskipti hefur borist skrifstofu SSÍ á þar til gerðum eyðublöðum. Einnig er hægt að senda blaðið í tölvupósti.

7.2.2

Félagaskipti eru aðeins lögleg að formaður stjórnar, sunddeildar eða yfirþjálfari þess félags er keppandinn hverfur frá, votti með undirskrift sinni að keppandinn sé skuldlaus félaginu. Staðfesting í tölvupósti frá fyrrgreindum aðilum telst ígildi undirritunar. Sinni fyrrgreindir aðilar ekki beiðnum keppanda eða fyrirspurnum frá SSÍ með sannarlegum hætti hefur stjórn SSÍ til að samþykkja félagaskiptin.

Verði ágreiningur um skuld getur fráfarandi félag ekki krafist hærri gjalda en sem nemur einu almannaksári.

Ekki er hægt að keppa sem gestur meðan á félagaskiptum stendur.

7.2.3

Keppendur í í keppnissundi, garpasundi og sundknattleik sem eru 12 ára og eldri greiða kr. 5.000 kr í umsýslugjald fyrir félagaskipti sem rennur óskipt til SSÍ. Greiðsla skal berast til SSÍ samhliða tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um félagaskipti hlýtur ekki gildi hjá SSÍ nema umsýslugjald hafi verið greitt.

7.2.4

Stjórn SSÍ skal á næsta fundi staðfesta félagaskipti og færa til bókar. Keppandi í keppnisflokkki eða garpaflokkki getur keppt undir merkjum annars félags í öðrum sundíþróttgreinum.

7.2.5

SSÍ er mikið í mun að fylgjast með íslensku sundfólki um allan heim.

Íslenskir keppendur í keppnissundi, garpasundi og sundknattleik sem hyggjast keppa með erlendu félagi, þurfa að tilkynna skrifstofu SSÍ með tölvupósti áður en keppendur fara erlendis. Með slíkri tilkynningu öðlast keppandi sjálfkrafa keppnisrétt með sínu félagi hér á landi þrátt fyrir að vera einnig skráður í félag erlendis, enda uppfylli viðkomandi íþróttamaður öll tilskilin keppnisréttindi hér á landi. Þetta á við hvort sem keppandi er í skólaliði eða erlendu félagsliði. .

7.3 – Keppnisréttur erlendra ríkisborgara

Á Íslandsmótum í sundi geta íslenskir ríkisborgarar einir orðið Íslandsmeistarar og sett íslensk met.

7.3.1

Erlendum keppendum er heimil keppni í einstaklingsgreinum og boðsundssveitum á Íslandsmótum til verðlauna. Boðsundsveit með erlendan ríkisborgara innanborðs getur aldrei hlotið Íslandsmeistaratitil né sett íslenskt met.

7.3.2

Ekki skal setja takmörk á fjölda erlendra ríkisborgara í liðakeppni í sundi, að því tilskyldu að viðkomandi hafi búið á Íslandi í 30 daga hið minnsta.

7.3.3

Íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis eiga alltaf keppnisrétt á Íslandsmótum.

7.3.4

Íslenskir ríkisborgarar sem æfa og keppa undir merkjum félaga erlendis, en hafa aldrei keppt undir merkjum félags á Íslandi þarf að hafa búið á Íslandi a.m.k. síðustu 30 daga fyrir keppni.

7.3.5

Sundfélag sem tekur við keppanda með erlendan ríkisborgararétt skal tilkynna það SSÍ, eins og um félagaskipti sér að ræða. Keppandi öðlast keppnisrétt með félaginu 30 dögum eftir að tilkynning berst skrifstofu SSÍ með tölvupósi.

7.3.6

Erlendum ríkisborgurum sem uppfylla skilyrði um félagsréttindi, er heimil þátttaka Íslandsmeistaramótum, í liðkeppni (Bikarkeppni og AMÍ) og einstaklingskeppni að því tilskyldu að vera skráður í sundfélag/-deild í samræmi við félagsreglur ÍSÍ. Viðkomandi einstaklingur getur þó ekki sett íslensk met né orðið Íslandsmeistari, hvorki í einstaklingsgrein eða boðsundi.